



## 26. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 11. janúar 2002

### Dagskrá:

1. Starfsemi Fræðsluskrifstofu
2. Staða skólakerfisins
3. Tilnefna mann í úthlutunarnefnd styrktarsjóðs
4. Starfsmannamál
5. Sambandsstjórnarfundur
6. Félagsmálaskóli RSÍ
7. Önnur mál

### 1. Starfsemi Fræðsluskrifstofu

Ísleifur Jakobsson frá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins kynnti þær skiplagstillögur fyrir námið sem samþykktar hafa verið í starfsgreinaráði.

### 2. Staða skólakerfisins

Formaður fór yfir stöðuna í skólakerfinu og þar kom fram að framk.stjórn RTV ákvað í vetur að láta taka út afstemmt 10 mánaða uppgjör fyrir skólakerfið því grunur hafði vaknað um að staðan væri mun verri en áætlað var. Í ljós kom að staða kerfisins var mun verri en fram hafði komið í gögnum sem skólastjóri hafði lagt fram. Í framhaldi af þessu var honum síðan sagt upp störfum. Var þetta gert af lögmonnum RSÍ 4. janúar 2002. Jafnframt var allt bókhald menntakerfisins tekið til sérstakrar endurskoðunar. Á fundinum voru lög fram gögn sem Jón Árni vildi koma á framfæri.

Samþykkt var svohljóðandi ályktun: **Miðstjórnarfundur Rafiðnaðarsambands Íslands haldinn 11. janúar styður eindregið ákvörðun framkvæmdastjórna skólakerfisins um úttekt löggiltra endurskoðenda á skólakerfi rafiðnaðarmanna og hvetur til þess að þeirri vinnu verði hraðað sem frekast er kostur.**

**Öflug starfsmenntun er og hefur verið stór þáttur í kjara- og starfsréttindabaráttu rafiðnaðarmanna. Rafiðnaðarsambandið mun því eindregið styðja áframhaldandi rekstur starfsmenntakerfis rafiðnaðarmanna.**

**Miðstjórn sambandsins telur nauðsynlegt að stjórnkerfi og skipulag skólanna verði að taka til gagngerar endurskoðunar, svo forðast megi áföll af því tagi sem við erum nú að upplifa.**

### 3. Tilnefna mann í úthlutunarnefnd styrktarsjóðs

Tillaga kom um að skipa Ísleif Tómasson í úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, það var samþykkt.

### 4. Starfsmannamál

Á fundinum var veitt heimild til þess að ráða mann til þess að sinna afgreiðslu og gjaldkerastörfum.

### 5. Sambandsstjórnarfundur

Tillaga um að sambandsstjórnarfundur RSÍ yrði haldinn að Stórhöfða 31 dagana 12. og 13. apríl 2002.

### 6. Félagsmálaskóli RSÍ

Gífulegur áhugi virðist á þessu framtaki og nú eru 21 manns búnir að bóka sig á námskeið sem hefst í næstu viku.

**7. Önnur mál**

Frá Orlofsnefnd komu þær upplýsingar að húsin á Spáni eru að verða tilbúin til afhendingar og fer sendinefnd til þess að ganga frá kaupunum og gera húsin klár fyrir útleigu.

Haukur Ágústsson